



Hafnarfirði 10. febrúar 2020

Til sviðstjóra mennta- og lýðheilsusviðs

Fanneyjar Dóróthe Halldórsdóttur

Erindi:

Húsnæðismál frístundar í Öldutúnsskóla.

Í frístundarheimilinu Seli eru samtals 148 börn (tölur frá því í haust) og er þeim dreift á fjórar stöðvar.

- Ein stöðin er skúr á skólalóð skólans og er hann stærsta rýmið og eru þar börn sem eru í 1. bekk.
- Tvær kennslustofur í B – álmu skólans eru hýsa börnin sem eru í 2. bekk, en í veturn eru það 57 börn.
- Ein kennslustofa í kjallara B- álmu skólans hýsir börnin sem eru í 3. og 4. bekk. En þau eru samtals 49.
- Að auki er nýttur matsalur, bókasafn og fleiri rými skólans fyrir hópastarf og til að matast.

Á næsta skólaári er reiknað með að fjöldi barna í 1. bekk verði í kringum 70.

Vorið 2019 kom sviðstjóri í heimsókn, ásamt formanni fræðsluráðs Kristínu Maríu Thoroddsen. Skoðaðar voru aðstæður og voru menn sammála um að brýnt væri að finna betri lausn á húsnæði fyrir starfið.

Í febrúar 2019 óskaði Valdimar eftir að fá afnot af húsnæði sem leikskólinn Kató var til húsa, en það gekk ekki upp. Við erum því enn að dreifa starfinum í þrjár kennslustofur og skúrinn.

Það er mikil truflun af því að hafa frístundarstarf við hlið kennslustofa. Frístundarstarfið hefst milli kl. 13 og 14, en kennsla í mið- og ungingadeild er lengur fram á daginn. Einnig eru kennslustofurnar vinnurými kennara til kl. 16 (alla vega).

Varanleg lausn á húsnæðismálum frístundarinnar verður trúlega ekki leyst fyrr en húsnæðimál skólans verða rædd í heild sinni.

En þangað til tel ég að besta lausnin sé að setja annan skúr á lóðina, við hlið þess sem eru þar fyrir.

Virðingarfyllst,

Margrét Sverrisdóttir

Skólastjóri Öldutúnsskóla